

## **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 35. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, um ferðaskírteini íslenzkra skipa.**

71  
27. maí

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé að öll íslenzk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. júní 1943, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

## **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Dalvík í Svarfaðardalshreppi.**

72  
9. júní

Með bréfi, dags. 2. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar í Dalvík í Svarfaðardalshreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Dalvík í Svarfaðardalshreppi sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

1. Lóðin er þar, sem aðalþorpið á Dalvík stendur.
2. Að norðan: Brimnesá.
3. Að vestan: Merki upp með Brimnesi 126 m vestan við húsið Árbakka og þaðan lína í girðingarhorn suðvestur af barnaskólanum, um merki 30 m vestur af húsinu Melar og öðru merki 15 m vestur af húsinu Bjarnarhóll.
4. Að sunnan: Girðingin sunnan við barnaskólann, að austurenda og þaðan bein lína til sjávar, um merki 8 m austan við fiskverkunarhús.
5. Að austan: Sjórin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

## **SAMÞYKKTIR**

fyrir Sparisjóð Svalbarðsstrandar.

73  
1. apríl

### **I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.**

#### **1. gr.**

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Svalbarðsstrandar, og skal heimili hans og varnarþing vera Svalbarðsstrandar þinghá.

#### **2. gr.**

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru 12, með 300 kr. ábyrgð hver. Til frekari tryggingar ábyrgist Svalbarðsstrandarhreppur allt að kr. 1000.00.